

### **Danska 103 fyrir félagsmenn BSRB (60 kest.)**

Námskeiðið er fyrir fólk sem hefur nokkra undirstöðukunnáttu í dönsku og er þyngd námsefnis samsvarandi fyrsta áfanga í framhaldsskóla. - Áhersla er lögð á orðaforða og lesskilning nemenda og farið yfir grunnatriði í danskri málfræði og málnotkun. Þjálfun byggist á skriflegum og munnlegum æfingum. Megináhersla er lögð á textalestur og hlustun þannig að nemendur séu færir um að skilja allt venjulegt talað og ritað mál almenns eðlis. Jafnframt er lögð áhersla á að nemendur geti tjáð sig munnlega og skriflega. Formlegt námsmat er í námskeiðinu og er það einingabært á framhaldsskólastigi. Heimavinna er í námskeiðinu. Nemendur kaupa námsbækur sjálfir.

#### **Kennarinn:**

Sigurlaug Gunnlaugsdóttir nam sagnfræði og dönsku við Árósháskóla og H.Í. Hún hefur stundað þýðingar, unnið við textagerð á dönsku og hefur að baki starfsreynslu með skiptinimum heima og erlendis.

**Tími :** Þriðjud. og fimmtud. 1. 3. 8. 10. 15.17. 22. og 24. feb. og 1. 3. 8. 10. 15. 17. 29. og 31. mars. kl. 17-19:30 (16 skipti).

#### **Lesefni:**

Dansk der duer . Sådan siger man eftir Hafðísi Ingvarsd. og Kirsten Friðriksd. Mál og menning 2002. Kjörbækur til lestrar verða kynntar síðar.

Nauðsynlegt er að nemendur hafi aðgang að Dansk-íslenskri orðabók, t.d. Dönsk-íslensk skólaorðabók í ritstjórn Halldóru Jónsdóttir.

**Verð:** 33.000      Kennt verður í Fjölbrautaskólnum við Ármúla, stofu M24.

### **Danska fyrir félagsmenn BSRB (30 kest.) – Tvö námskeið**

Námskeiðin eru fyrir fólk sem hefur nokkra undirstöðukunnáttu í dönsku, en vill treysta grunninn og byggja ofan á hann. - Markmiðið er að auka skilning með hlustun, gera fólk óhræddara við að tjá sig á dönsku, auka orðaforða og leiðréttu málfræði eftir þörfum. Áhersla verður lögð á að þjálfa talmál, rifja upp málfræði og að geta átt óformleg, skrifleg samskipti við Dani, t.d. tölvu- eða bréfasamskipti. Kennari dreifir námsefni.

**Kennarinn:** Sigurlaug Gunnlaugsdóttir nam sagnfræði og dönsku við Árósháskóla og H.Í. Hún hefur stundað þýðingar, unnið við textagerð á dönsku og hefur að baki starfsreynslu með skiptinimum heima og erlendis.

**Tími:** *Fyrri námskeið:* Mánud. og miðvikud. 31. jan., 2., 7., 9., 14., 16., 21. og 23. feb. kl 17 - 19:30 (8 skipti)

*Síðara námskeið:* Mánud. og miðvikud. 4., 6., 11., 13., 18., 20., 25. og 27. apríl kl 17 - 19:30 (8 skipti)

**Verð:** 18.000      Kennt verður í Fjölbrautaskólnum við Ármúla, stofu M24.